

Textílmennt

Markmið í textílkennslu eru flokkuð í þrjá flokka, þeir eru: handverk, aðferðir og tækni; sköpun, hönnun og útfærsla; og menningu og umhverfi.

1. – 2. bekkur

Markmið:

Að nemendur:

þjálfist í fínhreyfingum

Læri hugtök sem tengjast textílmennt

þjálfist í að klippa.

þjálfist í að nota flatt form.

Læri að þræða nálar.

Læri auðveld útsaumsspor.

þjálfist í auðveldum vefnaði og búi til efni.

Fái innsýn í hvernig textílvork verður til á einfaldan hátt.

3. bekkur

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur:

Efli saman hug og hönd og kynnist áhöldum textílgreinarinnar.

þjálfist í vandvirkni og læri einfaldar vinnuaðferðir.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemendur:

Færi mynd á efni og liti með textíllitum.

Kynnist þrjónum og þrjónatækni.

Menning og umhverfi

Að nemendur:

Geti notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.

Tillögur að námsefni:

Handavinnupoki þar sem nemendur draga upp mynd og lita með textíllitum og gera nafnið sitt á pokann.

Nemendur læra að fitja upp og þrjóna garðaprjón.

4. bekkur

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur:

Æfi saman hug og hönd og kynnist ólíkum efnum og áherslum.

þjálfist í að njóta sköpunar og læri einfaldar vinnuaðferðir og vandvirkni.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemendur:

Geti unnið eftir einföldum leiðbeiningum og skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.

Menning og umhverfi

Að nemendur:

Noti ný og endurunnin efni í textílvinnu.

Tillögur að námsefni:

Prjóna föt með garðapryjóni á bangsa sem nemendur sauma síðan úr flísefni.

5. bekkur

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur:

Byggi ofan á grunn síðasta árs og geti beitt grunnaðferðum greinarinnar og áhöldum hennar.

Geti notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemendur

Geti notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.

Geti þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.

Menning og umhverfi

Að nemendur:

Geti fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni.

Tillögur að námsefni:

Nemendur prjóna orm með garðapryjóni og læra jafnframt að prjóna brugðna lykkju þannig að út komi slétt prjón.

Sauma bútasaumspúða með flettisaumsaðferð.

Sauma flíshúfu.

6. bekkur

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur:

Læri rétt vinnubrögð og notkun handverkfæra í saumastofu og þjálfist í að nota saumavél.

Þjálfist í útsaumi.

Læri að hekla loftlykkjur og fastahekl.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemendur:

Geti fjallað um fagurfræði í eigin verkum.

Geti útfært eigin hugmynd af blaði yfir í striga.

Menning og umhverfi

Að nemendur

Geti gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna.

Tillögur að námsefni:

Saumað er útsaumsstykki með 3 sporgerðum; krosssaum, augnsaum og fléttusaum.

Útsaumsstykkið er svo saumað í saumavél á púðaver sem sniðið er úr gömlum gallabuxum.

Nemendur læra að hekla loftlykkjur og fastahekl. Þeir hanna svo sitt eigið verkefni t.d. buddu eða símahulstur.

7. bekkur

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur:

Læri rétt vinnubrögð og notkun handverkfæra í saumastofu.

Rifji upp meðferð saumavélarinnar.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemendur:

Geti þróað eigin hugmyndir í textílverk.

Geti unnið eftir ferli.

Menning og umhverfi

Að nemendur

Geti fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum.

Nemendur geti gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.

Tillögur að námsefni:

Nemendur læra ýmis útsaumsspor sem þeir sauma í country-filt og gera síðan myndaramma úr því.

Náttbuxur hnésíðar úr flóneli að eigin vali.

Pennaveski eða snyrtibudda með crazy-quilt aðferð.

Búa til stensilform með nafninu sínu í tölvu, skera út og stensla svo á hvítan stuttermabol.

8.-10. bekkur

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur:

Þekki og geti beitt áhöldum og vélum greinarinnar.

Geti nýtt sér aðferðir og vinnulag textíla.

Gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemendur:

Geti nýtt sér uppskriftabækur og blöð til að vinna eftir, læri að taka snið úr tískublöðum, taka mál, áætla efnisþörf, sníða og sauma flíkur.

Þekki helstu vefjarefni og meðferð þeirra.

Geti nýtt netmiðla sem og aðra miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði.

Menning og umhverfi

Að nemendur:

Geti fjallað um helstu tákni og merkingar vefjarefna.

Geti sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd.

Tillaga að verkefnum:

Nemendur velja sér verkefni í samráði við kennara.